



## Haukahlíð 1, Hlíð í undirgöngum – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. nóvember 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta útfærslu á hliði í undirgöngnum á áður samþykktu erindi í húsi nr. 1 við Haukahlíð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 Síðasta deiliskipulagsbreyting fyrir lóð F

Prívíð teikning hönnuða til upplýsinga dags. 06.09.2023


### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Haukhlíð 1 Miðsvæði (M5d).


**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag Hlíðarenda samþykkt í borgarráði 15. júlí 2003 með síðari breytingum, síðast staðfest í B-deild stjórnartíðinda 8. ágúst 2015 fyrir m.a. lóð F, þ.á.m. fjölgun íbúða.

### Umsögn

Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 kom fram skipulagsleg afstaða á því hvort loka mætti undirgöngum að inngarði með glerlokun í ljósi mikilla vindstrengja sem myndast gegnum undirgöngin. Óskaði húsfélagið eftir því að fá að loka með gleri með gönguhurð í glerinu, sjá uppdraetti að neðan:



Uppdrættir Arkþings sem fylgdu fyrirspurn, dags. 10.12.2021



Meðfylgjandi teikningar Arkþings dags. 06.09.2023

Samkvæmt innsendum teikningum, þá (dags. 10.12.2021) sem nú (dags. 06.09.2023), er sjálf lokunin við enda undirganga garðmegin en ekki við götu\_(sjá sniðteikningu að ofan skv. fyrirspurn). Skipulagsyfirvöld gerðu ekki athugasemdir við að sett væri upp glerlokun vegna vindstrengs eins og lýst er í fyrirspurn. Skipulagsfulltrúi gerir athugasemdir við að lokunin sé staðsett við götu, en ekki við inngarð. Skipulagsfulltrúi leggst einnig gegn því að breyta útfærslu á lokun / hliði úr gleri yfir í rimla.

#### Niðurstaða

- Ekki er hægt að fallast á fulla lokun undirgangs með járnrimlahliði sbr. umsögn að ofan.
- Lokun skal staðsetja næst inngarði.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt